

☒ RE: Umsögn um deiliskipulag - móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Búið til	28.4.2021 13:45:07
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	28.4.2021 13:45:06
Tilheyrir	📁 202104-0016 - Móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum, umsögn um deiliskipulag

Efni

RE: Umsögn um deiliskipulag - móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Upplýsingar

Sent	28.4.2021 13:45:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202104-0016 (IAS, RTh, LÁ)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá Vestmannaeyjabæ, dags. 8. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland varðandi nýtt deiliskipulag fyrir móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu.

Ekki er séð að gerðar séu breytingar á stærð lóðar, en breytingar eru innan hennar og aðkoma að svæðinu mun breytast. Svæðið sem um ræðir er nú þegar mikið raskað, en engin frekari röskun verður á hrauninu umhverfis sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga. Ekki verður hreyft við hverfisverndarsvæði í jaðri móttökustöðvarinnar.

Náttúrufræðistofnun telur nýtt deiliskipulag vera almennt til bóta og er vonandi að svæðið verði snyrtilegra í framtíðinni.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar gerir stofnunin ekki athugasemd við framangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: Dagný Hauksdóttir
Sent: fimmtudagur, 8. apríl 2021 13:43
To: ni@ni.is
Subject: Umsögn um deiliskipulag - móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Góðan dag,

Þann 28. Janúar 2021 samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja að auglýsa skipulagstillögu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir móttökustöð úrgangsefna á svæði I-1 auglýst skv. 1. Mgr. 41. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Móttöku og flokkunarstöðin er staðsett við Eldfellsveg, í Kirkjubæjarhrauni, austan við íbúðabyggð. Þar er tekið við öllum úrgangi sem fellur til hjá einstaklingum og fyrirtækjum í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjabær áformar nú að koma fyrir og starfrækja nýja brennslu- og orkunýtingarstöð fyrir úrgang með orkunýtingarkerfi við Eldfellsveg sem myndi taka við blandaða úrganginum. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og er því hér lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem hefur verið í kynningu á sama tíma og unnið hefur verið mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við brennslu- og orkunýtingarstöð og hefur frummatkýrsla verið send til Skipulagsstofnunar.

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsaaetlanir/nr/1013#fath> (<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsaaetlanir/nr/1013#fath>)

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að móttökustöð fyrir almenning og aðkoma að svæðinu verði flutt á norðausturhluta svæðisins og að aðstaða á vinnusvæðinu sé bætt með frágengnu yfirborði og steiptum efnishófum. Einnig er gert ráð fyrir húsnæði sorpinnslustöðvarinnar geti stækkað til austurs. Svæðið innan lóðar með óröskuðu hrauni er ekki raskað. Frá fyrri útgáfu skipulagsins hefur lóðamörkum verið breytt þannig að þau samræmist aðalskipulagi og að hraunmyndanir séu utan svæðisins.

Meðfylgjandi er uppdráttur og greinagerð deiliskipulagsins auk vinnsluskjals sem sýnir breytingar frá fyrri greinargerð.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands innan þriggja vikna frá móttöku þessa pósts.

Kær kveðja, Dagný

Viðhengi

image001.png (5 KB)